



SSV

# Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi



**ALMENNINGSSAMGÖNGUR**



- Stefnumörkun samgönguyfirvalda um eflingu Almenningsgangna í landinu
- Vegagerðin hefur séð um samninga vegna sérleyfa
- Það er vilji Vegagerðarinnar að verkefnið færist til heimamanna, sem hlýtur að vera góður valkostur fyrir heimamenn
- Vegagerðin hefur leitað til landshlutasamtaka um að þau sjái um að skipuleggja og tryggja almenningsgangur í samræmi við þarfir milli starfsvæða sinna og höfuðborgarsvæðisins

# Hvað hefur verið gert



- **Innan svæðis**

- ✦ Leitað var eftir því við öll stærri sveitarfélög á starfssvæðinu sem tilnefndu fulltrúa í vinnuhóp til að ræða beiðni Vegagerðarinnar
- ✦ Haldnir hafa verið 3 fundir
- ✦ Smári Ólafsson verkfræðingur hjá VSÓ hefur unnið með hópnum
- ✦ Búið að ákveða að vinna með hverju svæði við að skilgreina þarfir

- **Utan svæðis**

- ✦ Fundað með landshlutasamtökum á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og eystra um rekstur leiðarinnar Reykjavík – Akureyri sem skiptist á milli þessara landshlutasamtaka

# Niðurstaða vinnuhóps



- Að leggja til við stjórn SSV að leita eftir samþykki sveitarfélaga til þess að gera samning við Vegagerðina á grundvelli samningsuppkasts sem Vegagerðin hafði lagt fram
- Erindið sent sveitarfélögum

# Um hvað snýst málið?



- Samningur við Vegagerðina um að Landshluta-samtök annist skipulag og rekstur almennings-samganga frá sínum svæðum til höfuðborgarsvæðisins
- Samningsupphæð fyrir Vesturland
  - 45 m.kr.
  - 13 m.kr. vegna hlutdeildar Vesturlands í leiðinni Reykjavík – Akureyri
  - Samtals 58 m.kr. á ári
- Tekjur af farmiðasölu
  - Samningsupphæð er vísitölutengd
  - Samningstími er opinn, fer eftir vilja okkar

# Af hverju ?



- Landshlutinn fær forræði yfir skipulagningu og rekstri almenningssamganga á svæðinu
- Tekjur sem ekki koma inn á svæðið í dag koma inn á svæðið við gerð samningsins
- Tækifæri til að þróa almenningssamgöngur m.t.t. þarfa íbúa
- Meiri sveigjanleiki við breyttar aðstæður
- Auðveldara að bregðast við breytingum
- Tækifæri til að samþætta skólaakstur og annan akstur við almenningssamgöngur
- Akstur sem sveitarfélög eru með í dag verður hluti af kerfinu
- Þetta er þróunarverkefni.

# Staða mála hjá öðrum landahlutasamtökum



- Suðurland er búið að ganga frá samningi við Vegagerðina
- Verið er að skoða málið hjá öðrum landshlutasamtökum

# Hvernig á að gera þetta?



- Lagt er til að gera samning við Vegagerðina
- Núvarandi leiðakerfi verði rekið óbreytt a.m.k. fyrsta árið
- Skipaður verði vinnuhópur með fulltrúum allra sveitarfélaga á Vesturlandi sem skoði fyrirkomulag og form verkefnisins til lengri tíma og skili niðurstöðum til aðalfundar SSV árið 2012
- Leitað verði eftir samstarfi við önnur landshlutasamtök um rekstur á leiðinni frá Reykjavík til Akureyrar
- Gerður verði samningur milli sveitarfélaga á Vesturlandi sem tryggji að samningurinn við Vegagerðina leiði ekki til kostnaðarauka fyrir sveitarfélög á Vesturlandi





- Með vísan til samkomulagsdraga sem sveitarfélög gera sín á milli er áhættan af þessum samningi engin, nema sveitarfélag/félög ákveði að hækka þjónustustig almenningsgangna á sínu svæði(um)

## Samningur aðildarsveitarfélaga SSV (Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi) um grundvöll samþykkis þeirra á samningi við Vegagerðina um almenningssamgöngur á Vesturlandi

1. gr.

Samningur þessi grundallast á samningi milli SSV og Vegagerðarinnar um að SSV sjái um skipulag og rekstur almenningssamganga á milli höfuðborgarsvæðisins og starfssvæðis SSV sem nær frá Hvalfjarðarbotni til Gilsfjarðarbotns.

# Samningur



## 2. gr.

Rekstur almenningssamgangna á starfssvæði SSV (Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi) verður fjármagnaður með framlagi frá Vegagerðinni skv. samningi þar um og innheimtum farþegagjöldum.

## 3. gr.

Aðilar samningsins eru sammála um að verkefnið sé tilraunaverkefni þar sem hagræðingarmöguleikar verði skoðaðir og fyrsta ár samningsins fari í að stilla upp þeim valkostum sem til staðar eru. Í þeirri vinnu verði skoðað fyrirkomulag og form rekstrarins til lengri tíma. Til þessarar vinnu verður stofnaður vinnuhópur sem hvert sveitarfélag einn fulltrúa í og skal vinnuhópurinn skila tillögum niðurstöðum fyrir aðalfund SSV árið 2012

## 4. gr.

Ákveði einstök sveitarfélög að auka/breyta þjónustu frá núverandi þjónustustigi með þeim hætti að það leiði til kostnaðarauka í almenningssamgöngukerfinu á svæðinu, skal viðkomandi sveitarfélag/-félög bera þann kostnað alfarið.

## 5. gr.

Sveitarfélög á Vesturlandi eru samþykkt því að núverandi fyrirkomulag almenningssamgangna milli Reykjavíkur og Akraness (leið 57) verði óbreytt og skal Akranesbær fá greitt til þess verkefnis kr. 7.900 þús. kr. á ári og greiðist það í takti við greiðslur frá Vegagerðinni.

# Samningur



## 6. gr.

Rekstrarkostnaður almenningssamganga á starfssvæði SSV skal vera innan þeirra marka sem fást með framlagi Vegagerðarinnar, sem er vísitölubundið og með farþegagjöldum.

Markmiðið með samningi við Vegagerðina um almenningssamgöngur er m.a. að samþætta aðra þjónustu sem þegar er veitt á svæðinu t.d. skólaakstur og efla með þeim hætti almenningssamgöngur innan svæðis. Kostnaðarskipting skal fylgja ákvæðum 3. gr. nema annað verði ákveðið af öllum aðilum samningsins.

Ef útlit er fyrir að kostnaður verði meiri en þær tekjur sem almenningssamgöngum er markaður af hálfu samnings við Vegagerðina skal bregðast við því að skerða þjónustuna, nema að aðilar samningsins komi sér saman um annað.

## 7. gr.

Samningur þessi hefur sama gildistíma og 7. gr. samnings milli SSV og Vegagerðarinnar um Almenningsamgöngur kveður á um, þó með fyrirvara um breytingar sem kunna að verða gerðar á honum á aðalfundi SSV árið 2012.

Vesturlandi, október 2011